

REGLUGERÐ**um bann við loðnuveiðum í desember 1978 og janúar 1979.**

1. gr.

Á tímabilinu frá 15. desember 1978 til 9. janúar 1979 að báðum dögum meðtöldum eru allar loðnuveiðar bannaðar.

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. nóvember 1978.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

23. október 1978.

Nr. 410.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Strandasýslu um flutning þingstaðar í Fellshreppi í Strandasýslu.

„Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi 3. ágúst sl. og ósk hreppsnefndar Fellshrepps í Strandasýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Stóra-Fjarðarhorni í Broddanesskóla frá og með 1. janúar 1979 enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsrými til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.“

23. október 1978.

Nr. 411.

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um flutning þingstaðar í Hvítársíðuhreppi.

„Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 12. þ. m. og ósk hreppsnefndar Hvítársíðuhrepps í Mýrasýslu veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Sámstöðum í félagsheimilið að Stóra-Ási enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt húsrými til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður til frekari birtingar.“